

Hafnarfirði, 9. mars 2023

Efni: áform um friðlýsingu Urriðakotshrauns.

Umhverfisstofnun í samstarfi við Garðabæ og Styrktar- og líknarsjóð Oddfellowa, sem er landeigandi, kynnir hér með áform um friðlýsingu Urriðakotshrauns í Garðabæ. Framlagt er erindi ásamt korti sem sýnir hvar umrætt svæði liggur.

Á fundi skipulags- og byggingarráðs þann 23. febrúar sl. var óskað eftir umsögn vegna erindis frá Umhverfisstofnun dags. 9. febrúar 2023. Umsögn um sama mál var gerð í október 2020 og lögð fyrir skipulags- og byggingarráð sem tók undir þáverandi umsögn.

Þar sem meginforsendur hafa ekkert breyst, hvorki í svæðisskipulagi né aðalskipulagsáætlunum Garðabæjar né Hafnarfjarðar má segja að þessi sama umsögn sé enn í gildi.

Í sjálfu sér er það ánægjulegt þegar sveitarfélög hafa áform um friðun náttúruminja og heillegar hraunmyndanir innan sinna marka, en það þarf að horfa á málið í stærra samhengi.

Í birtu og staðfestu svæðisskipulagi 2015 – 2040 fyrir höfuðborgarsvæðið kemur fram í kafla 2.4 um *markmið* að meginstofnvegir skulu tryggja greiða og örugga umferð fólks og vöru.

Þar kemur einnig fram að sveitarfélögin þurfi að taka frá rými í sínum skipulagsáætlunum fyrir mögulegar tilfærslur þessara meginstofnvega og þar er m.a. annað talað um tengingu Reykjanesbrautar ofan byggðar á sunnanverðu höfuðborgarsvæðinu.

Á korti 4 á bls. 49 í svæðisskipulaginu eru sýndir þeir stofnvegir sem eru í grunnneti samgangna skv. samgönguáætlun og skiptingu þeirra í meginstofnvegi og stofngötur. Nánari lega þeirra er ákveðin í aðalskipulagi sveitarfélaga, í samstarfi við Vegagerðina.

Til stofnvega flokkast einnig eftirtaldir vegir sem eru í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga: Sundabraut og Ofanbyggðarvegur sem meginstofnvegir og Öskjuhlíðagöng sem stofngata.

Það má því túlka það þannig að gert sé ráð fyrir ofanbyggðavegi í gildandi svæðisskipulagi og í gildandi aðalskipulagi Hafnarfjarðar er gert ráð fyrir þessum vegi sem megin tengingu.

Í gildandi aðalskipulagi Garðabæjar er umræddur ofanbyggðavegur bæði nefndur í greinagerð og á uppdrætti.

Við fyrirhugaða friðlýsingu þarf að huga að þessum meginstofnleiðum og hvernig friðlýsingin muni rúmast innan þess ramma sem fram kemur bæði í svæðis- og aðalskipulagi.

Skv. framansögðu óskar Hafnarfjarðarkaupstaður eftir frekara samráði og nánari upplýsingum um þessa friðlýsingu þar sem um stórt hagsmunamál er að ræða. Einnig áskilur bærinn sér rétt til að koma með nánari athugasemdir og ábendingar við frekari vinnslu þessa máls.



HAFNARFJÖRÐUR

Berglind Guðmundsdóttir

landslagsarkitekt

Umhverfis- og skipulagssvið

Norðurhella 2